

REGLUGERÐ
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2023/2024 og almanaksárið 2024.

I. KAFLI
Veiðileyfi í atvinnuskyni.

1. gr.
Veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu leyfi Fiskistofu. Um veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni fer eftir 5. gr. laga um stjórn fiskveiða.

II. KAFLI
Heildaraflí, frádráttur, aflamark og ráðstöfun.

2. gr.
Aflamark fiskveiðiársins 2023/2024.
Leyfilegur heildaraflí tilgreindur í tonnum í eftirfarandi tegundum, frádráttur sbr. 3. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða og úthlutun Fiskistofu á aflamarki á grundvelli aflahlutdeildar fiskiskips í viðkomandi tegund er sem hér segir:

Tegund	Leyfilegur heildaraflí	Dregið frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)	Fiskistofa úthlutar aflamarki á grundvelli aflahlutdeildar
1. Þorskur	209.194	11.087	198.107
2. Ýsa	74.711	3.960	70.751
3. Ufsi	66.418	3.520	62.898
4. Steinbítur	8.344	442	7.902
5. Gullkarfi	36.462	1.932	34.530
6. Keila	4.559	242	4.317
7. Langa	5.964	316	5.648
8. Djúpkarfi	0	0	0
9. Litli karfi	569	30	539
10. Grálúða	13.463	714	12.749
11. Sandkoli	361	19	342
12. Skrápflúra	0	0	0
13. Skarkoli	7.830	415	7.415
14. Langlúra	1.476	78	7.3981.398
15. Þykkvalúra/sólkoli	971	51	920
16. Skötuselur	188	10	178
17. Humar	0	0	0
18. Íslensk sumargotssild	87.634	4.645	82.989
19. Blálanga	259	14	245
20. Hlýri	296	16	280
21. Gulllax	12.080	640	11.440
22. Úthafsrækja	5.022	266	4.756

23. Rækja við Snæfellsnes	0	0	0
----------------------------------	---	---	---

Aflamark í botnfiski miðast við slægðan fisk með haus nema í gullkarfa, litla karfa, gulllaxi og djúpkarfa sem miðast við óslægðan fisk. Aflamark í uppsjávarfiski miðast við óslægðan fisk.

3. gr.

Aflamark fiskveiðiársins 2023/2024 fyrir viðkomandi svæði.

Leyfilegur heildaraflí tilgreindur í tonnum í eftirfarandi tegundum fyrir viðkomandi svæði, frádráttur sbr. 3. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða og úthlutun Fiskistofu á aflamarki á grundvelli aflahlutdeildar fiskiskips í viðkomandi tegund fyrir viðkomandi svæði er sem hér segir:

Tegund/svæði	Leyfilegur heildaraflí	Dregið frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)	Fiskistofa úthlutar aflamarki á grundvelli aflahlutdeildar
1. Hörpudiskur:	75	4	71
Breiðasund	50	3	47
Hvammsfjörður	25	1	24
2. Rækja á grunnslóð:	0166	09	0157
Arnarfjörður	166	9	157
Ísafjarðardjúp	0	0	0
3. Ígulker:	194	10	184
Svæði A	49	3	46
Svæði B	87	5	82
Svæði C	58	3	55
4. Sæbjúgu:	2.546	135	2.411
Svæði A - Norður-Aðalvík	164	9	155
Svæði B - Vestfirðir, miðsvæði	74	4	70
Svæði C - Vestfirðir, suðursvæði	40	2	38
Svæði D - Utanverður Breiðafjörður	45	2	43
Svæði E - Faxaflói	383	20	363
Svæði F - Austurland, norðursvæði	340	18	322
Svæði G - Austurland, miðsvæði	1.220	65	1.155
Svæði H - Austurland, suðursvæði	315	17	298

Tegund	Leyfilegur heildaraflí	Dregið frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)	Fiskistofa úthlutar aflamarki á grundvelli aflahlutdeildar
1. Kolmunni	0	0	0
2. Makrill:	0	0	0
Til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006			
Til ráðstöfunar skv. 10. gr. b. laga nr. 116/2006			
3. Norsk-íslensk síld	0	0	0
4. Norður-Íshafsporskur:	0	0	0
Til úthlutunar innan efnahagslögsögu Noregs			
Til úthlutunar innan efnahagslögsögu Rússlands			
5. Úthafskarfi	0	0	0

5. gr.

Ráðstöfun afla sem dreginn er frá heildarafla.

Ráðstöfun afla tilgreindur í tonnum sem dreginn er frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða er sem hér segir:

Tegund	Skel- og rækjubætur		Byggðakvóti til fiskiskipa		Byggðakvóti Byggða-stofnunar	Fristunda-veiðar	Strandveiðar	Línuívilnun
	Tonn	Þorskígildistonn	Tonn	Þorskígildistonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn
1. Þorskur	1.260	1.058	3.300	2.772	3.886	200	10.000	1.100
2. Ýsa	450	351	1.300	1.016	1.291	0	0	700
3. Ufsi	400	225	1.300	732	827	0	1.000	0
4. Steinbítur	50	21	150	62	71	0	0	175
5. Gullkarfi	220	134	300	183	413	0	100	15
6. Keila	27	7	50	14	25	0	0	15
7. Langa	36	18	100	51	71	0	0	20
Samtals:	2.442	1.815	6.500	4.829	6.584	200	11.100	2.025

6. gr.

Sérstök úthlutun til skel- og rækjubáta.

Við útreikning uppbóta vegna rækjubáta er miðað við að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalafla rækjuvertiðanna 1996/1997-2005/2006 að frádregnum afla í rækju fiskveiðiársins 2022/2023 á viðkomandi svæði að teknu tilliti til heildarráðstöfunar skel- og rækjubóta skv. 5. gr.

Við útreikning uppbóta vegna skelbáta er miðað við að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðafla árunna 1998 til 2007 að teknu tilliti til heildarráðstöfunar skel- og rækjubóta skv. 5. gr.

Úthluta skal uppbótum til einstakra báta á grundvelli þeirrar aflahlutdeildar sem þeir hafa í rækju og skel á viðkomandi svæði og miðast við aflahlutdeild eins og hún er 1. ágúst 2023. Verðmæstastuðull er 0,52 miðað við þorskígildi fyrir rækju og 0,32 miðað við þorskígildi fyrir hörpudisk. Uppbæturnar í þorskígildistonnum skulu skiptast á tegundir tilgreindar í 5. gr. samkvæmt eftirfarandi töflu:

Úthlutun/bátar	Þorskígildistonn
1. Úthlutun til rækjubáta:	807
Frá Arnarfirði	84
Í Ísafjarðardjúpi	94
Við Húnaflóa	153
Við Skagafjörð	158
Á Skjálfanda	72
Við Öxarfjörð	208
Á Eldeyjarsvæði	24
Í Norðurfjörðum Breiðafjarðar	14
2. Úthlutun til skelbáta:	1.008
Frá Arnarfirði	7
Við Húnaflóa	2934
Við Breiðafjörð	778942
Við Hvalfjörð	2125
Samtals:	1.815

7. gr.

Ráðstöfun og nýting línuívilnunar.

Línuívilnun skal skiptast þannig innan fiskveiðisársins:

Tegundir/ tímabil	1. September - nóvember	2. Desember - febrúar	3. Mars - maí	4. Júní - ágúst	Samtals
1. Þorskur	350	400	320	30	1.100
2. Ýsa	340	220	90	50	700
4. Steinbítur	55	50	60	10	175
5. Gullkarfi	4	4	5	2	15
6. Keila	6	4	4	1	15
7. Langa	9	6	4	1	20

Fiskistofa fylgist með línuafli og tilkynnir ráðuneytinu hvenær líklegt megi telja að viðmiðunarafla hvers tímabils verði náð. Náist ekki að veiða viðmiðunarafla einhvers tímabils bæstast ónýttar heimildir við viðmiðunarafla næsta tímabils á eftir. Fiskistofa tilkynnir síðan frá hvaða degi tiltekinn afli reiknast að fullu til aflamarks.

III. KAFLI

Skiptimarkaður með aflamark.

8. gr.

Fiskistofa skal sjá um framkvæmd skipta, sbr. 6. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða og annast skiptimarkað fyrir aflamark.

Við framkvæmd skiptimarkaðar skal Fiskistofa auglýsa hverju sinni eftir tilboðum í það magn aflamarks sem ráðherra ákveður. Auglýsa skal eftir tilboðum í tiltekið magn aflamarks í einstakri tegund í skiptum fyrir aflamark í einni af eftirfarandi tegundum: þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu og gullkarfa, svo lengi sem aflamark er til ráðstöfunar. Tilboðsfrestur og -skilmálar skulu birtast með auglýsingu á heimasíðu Fiskistofu. Þegar tilboð berst Fiskistofu er það bindandi fyrir aðila. Þó er aðila heimilt að afturkalla tilboð sitt enda berist afturköllunin Fiskistofu áður en tilboðsfrestur er liðinn. Fiskistofu er einungis heimilt að veita upplýsingar um tilboð eftir að tilboðsfrestur er liðinn og skal þá birta upplýsingarnar á heimasíðu sinni. Birta skal einungis upplýsingar um samþykkt tilboð.

Fiskistofa ákveður form tilboða. Í tilboði skal útgerðaraðili skips tilgreina magn þeirrar tegundar sem boðið er í og magn þeirrar tegundar sem boðið er í skiptum, svo og önnur atriði sem Fiskistofa ákveður.

Fiskistofa skal samþykkja það tilboð sem hæst er. Við mat tilboða skal Fiskistofa, þar sem tilboð geta falið í sér mismunandi tegundir sem endurgjald, miða við meðalverð tegunda í viðskiptum með aflamark, sem birt er á vef Fiskistofu, undanfarna 30 daga eða eftir atvikum síðasta mánuð sem viðskipti voru með tegund. Ef hæstu tilboð eru jöfn skal magni skipt hlutfallslega á milli tilboðsgjafa. Ef hæsta tilboð er aðeins í hluta þess magns sem í boði er skal það samþykkt. Síðan skal næst hæsta tilboðið samþykkt, þar til því aflamarki sem var í boði hefur verið ráðstafað.

Ef aflamark í þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu eða gullkarfa sem látið hefur verið í skiptum, er umfram það aflamark sem innheimta skal, er heimilt að bjóða þær tegundir á skiptimarkaði.

Óheimilt er að framselja aflaheimildir í makríl sem keyptar eru á skiptimarkaði.

Aflamark sem látið er í skiptum telst ekki flutt af skipi í skilningi 15. gr. laga um stjórn fiskveiða.

IV. KAFLI

Skipting leyfilegs afla.

9. gr.

Veiðiheimildum í þeim tegundum sem heildaraflí er takmarkaður af, skv. 2. og 3. gr. skal skipt milli einstakra skipa í samræmi við aflahlutdeild eða krókaafhlutdeild þeirra í viðkomandi tegund. Úthlutað aflamark/krókaafamark hvers skips í hverri einstakri tegund ræðst annars vegar af aflahlutdeild/krókaafhlutdeild skipsins í viðkomandi tegund en hins vegar af úthlutaðu heildaraflamarki í tegundinni skv. 2. og 3. gr.

V. KAFLI

Krókaafلامarksbátar.

10. gr.

Bátum, sem leyfi hafa til veiða með krókaafلامarki, skal úthlutað krókaafلامarki í þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu, blálöngu, litla karfa, hlýra og gullkarfa á grundvelli krókaafلامlutdeildar þeirra. Um krókaafلامlutdeild og krókaafلامark gilda sömu reglur um útreikning, nýtingu og framsal og gilda um aflahlutdeild og aflamark nema kveðið sé á um annað í lögum eða reglugerð þessari.

Bátum sem leyfi hafa til veiða með krókaafلامarki, er einungis heimilt að stunda veiðar með línu og handfærum nema annað leiði af lögum og reglum sem gilda um tilteknar veiðar. Afli sem fæst við slíkar veiðar reiknast til aflamarks bátsins.

Heimilt er að flytja til krókaafلامarksbáts aflamark í öðrum tegundum botnfisks en tilgreindar eru í 1. mgr. þessarar greinar. Einnig er heimilt að flytja aflamark í ufsa og þorski frá krókaafلامarksbát til skipa sem hafa veiðileyfi með aflamarki, í jöfnum skiptum í þorskígildum talið fyrir aflamark í ýsu. Jafnframt er heimilt að flytja aflamark í steinbít frá krókaafلامarksbát til skipa sem hafa veiðileyfi með aflamarki, í jöfnum skiptum í þorskígildum talið fyrir aflamark í þorski, ýsu og löngu. Veiði bátur aðrar tegundir en hann hefur krókaafلامark í,

VI. KAFLI
Útreikningur aflamarks.

11. gr.

Þegar umreikna skal óslægðan fisk í slægðan skal margfalda magn með slægingarstuðli og þegar umreikna skal slægðan fisk í óslægðan skal deila magni með slægingarstuðli fyrir þær tegundir sem tilgreindar eru í töflunni hér að neðan.

Tegund	Slægingarstuðull
Porskur	0,84
Ýsa	0,84
Ufsi	0,84
Grálúða	0,92
Skarkoli	0,92
Sandkoli	0,92
Skrápflúra	0,92
Langlúra	0,92
Þykkvalúra	0,92
Steinbítur	0,90
Keila	0,90
Skötuselur	0,90
Langa	0,80
Blálanga	0,80

Þegar umreikna skal slitinn humar yfir í óslitinn skal margfalda vegið magn humarhala með 3,25. Þegar umreikna skal óslitinn humar yfir í slitinn humar skal deila í vegið magn óslitins humars með 3,25.

Við umreikning landaðra grásleppuhroga í heila grásleppu til skráningar í aflaskráningarkerfi Fiskistofu skal að frádreginni þyngd íláta miða við margföldunarstuðulinn 3,4.

Porskur styttri en 50 cm (27 cm hauseður) og ufsi styttri en 50 cm (31 cm hauseður), ýsa styttri en 45 cm (26,5 cm hauseður) og gull- og djúpkarfi styttri en 33 cm teljast að hálfu til aflamarks, enda fari afli undir áðurgreindum stærðarmörkum ekki yfir 10% af viðkomandi tegund í veiðiferð. Undirmálsafla skal haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega af löggiltum vigtarmanni. Þó er heimilt að ákvarða magn undirmáls í gull- og djúpkarfaafla við endurvigtun í vinnsluhúsi. Skal gullkarfa og djúpkarfa sem þannig er flokkaður frá í vinnsluhúsi til ákvörðunar á magni undirmáls, haldið aðgreindum frá öðrum afla. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki um afla sem flakaður er um borð í veiðiskipi. Hauseðan fisk skal mæla frá sporðsenda að gotrauf.

Komi afli í veiðarfæri skips, sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt, sem ekki er unnt að komast hjá við tiltekna veiðar, skal ekki reikna þann afla til aflamarks enda sé honum haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn og skráður sérstaklega. Þennan afla er eingöngu heimilt að nýta til bræðslu.

Heimilt er skipstjóra að ákveða að hluti aflans reiknist ekki til aflamarks skipsins. Þessi heimild takmarkast við 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla, sem viðkomandi skip veiðir á fiskveiðiárinu og er bundin eftirfarandi skilyrðum:

- Aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn og skráður sérstaklega.
- Aflinn sé seldur á uppboði á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla og andvirði hans renni til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins, sbr. lög um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.
- Heimildin skiptist í fjögur þriggja mánaða tímabil á fiskveiðiárinu. Ekki er heimilt að flytja ónýttar heimildir milli tímabilanna. Þó má miða ýsuafla sem fæst sem meðafli eða meðafli við grásleppuveiðar,

við heimild fiskveiðisins í heild, enda sé sá afli gerður upp í lok þess.

Um heimild til veiða umfram aflamark í einstökum fisktegundum sem skerðir aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega gilda ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða.

12. gr.

Þegar meta skal til hvaða fiskveiðisárs tiltekinn afli telst, skal miða við hvenær afla er landað hér á landi. Þannig telst afli sem landað er 1. september 2023 eða síðar til fiskveiðisársins 2023/2024, enda þótt veiðiferð hefjist fyrir upphaf þess fiskveiðisárs. Afli sem teljast skal til almanaksársins 2024 er sá afli sem landað er 1. janúar 2024 eða síðar innan ársins.

Sigli skip með eigin afla á erlendan markað, skal afli teljast til þess fiskveiðisárs, þá er skipið sannanlega hættir veiðum fyrir siglingu.

VII. KAFLI

Framsal aflamarks og aflahlutdeildar.

13. gr.

Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki, er heimilt að flytja aflamarkið á milli fiskiskipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Krókaafلامark verður aðeins flutt til báts, sem hefur veiðileyfi með krókaafلامarki og uppfyllir stærðarmörk sem kveðið er á um í 4. gr. laga um stjórn fiskveiða.

Á hverju fiskveiðisári er heimilt að flytja af fiskiskipi 50% þess aflamarks sem skipi var úthlutað í þorskígildum talið á grundvelli verðmætahlutfalla einstakra tegunda. Auk þess er heimilt að flytja frá skipi það aflamark í einstökum tegundum sem flutt hefur verið til skips. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna varanlegra breytinga á skipakosti útgerða eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjóþjóns.

Tilkynna skal Fiskistofu um flutning aflamarks á eyðublaði sem Fiskistofa gefur út og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um nöfn og skipaskrárnúmer þeirra skipa sem aflamark er flutt á milli og magn aflamarks, auk upplýsinga um verð aflamarks nema skipin séu í eigu sama aðila. Eigandi og útgerðaraðili þess skips sem aflamarkið er flutt frá skulu undirrita og leggja fram tilkynningu um flutning.

Tilkynningu um flutning aflamarks skal fylgja staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggir samningur útgerðar og áhafnar þess skips sem aflamarkið er flutt til, um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Skal sá samningur uppfylla kröfur sem Verðlagsstofa skiptaverðs gerir, sbr. lög um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Telji Verðlagsstofa skiptaverðs að gildissvið laganna nái ekki yfir viðkomandi skip, skal staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs lúta að því.

Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða flutningsgjald fyrir hverja tilkynningu samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu. Gjaldþagi reiknings er við útgáfu hans og eindagi 15 dögum síðar. Gjaldið er óendurkræft. Hafi reikningur ekki verið greiddur á eindaga er Fiskistofu heimilt að stöðva frekari flutning aflamarks frá og til viðkomandi fiskiskips.

Heimilt er Fiskistofu að gera þjónustusamninga um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks milli fiskiskipa sem eru í eigu sama einstaklings eða lögaðila og skal greiða samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu fyrir slíka samninga fyrir hvert fiskveiðisár. Sækja skal til Fiskistofu um gerð þjónustusamnings um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks á eyðublaðum sem Fiskistofa leggur til. Á umsóknareyðublaðunum skulu koma fram þær upplýsingar sem Fiskistofa telur nauðsynlegar og óskar þar eftir. Verði breytingar á atriðum sem útgerð hefur tilgreint í umsókn sinni skal hlutaðeigandi útgerð tilkynna Fiskistofu skriflega um breytingarnar án tafar.

Útgerð ber alfarið ábyrgð á öllum rafrænum tilkynningum um flutning aflamarks sem framkvæmdar eru samkvæmt þjónustusamningi hennar við Fiskistofu og skal útgerðin tryggja að óviðkomandi aðilar komist ekki yfir aðgang hennar til að tilkynna Fiskistofu rafrænt um flutning aflamarks. Þjónustusamningur um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks fellur úr gildi verði vanskil á greiðslu gjalds fyrir samninginn og ef hlutaðeigandi útgerð hefur brotið gegn reglum er gilda um flutning aflamarks eða skilyrðum sem sett hafa verið varðandi rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks.

Fiskistofa skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á.

Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.

14. gr.

Beiðni um flutning á aflahlutdeild milli fiskiskipa skal tilkynna Fiskistofu fyrirfram og á því formi sem Fiskistofa gerir kröfu um, þ.m.t. með undirritun eiganda skips og vottun. Krókaafhlutdeild verður aðeins flutt til báts sem hefur veiðileyfi með krókaafلامarki og uppfyllir stærðarmörk sem kveðið er á um í 6. gr. Við flutning á aflahlutdeild skal leggja fram veðbókarvottorð þess skips sem flutt er frá auk skriflegs samþykkis eftirgreindra aðila:

- þeirra er þinglýst samningsveð áttu í skipinu 1. janúar 1991,
- þeirra, sem eiga þinglýsta kvöð á skipinu þar sem kveðið er á um að framsal aflahlutdeildar sé óheimilt án samþykkis kvaðarhafa,
- þinglýst samþykki þeirra, sem eiga þinglýst samningsveð í skipinu frá og með 1. janúar 1998.

Flutningur aflahlutdeildar öðlast ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir. Aldrei er heimilt að flytja aflahlutdeild milli skipa, leiði slíkur flutningur til þess að veiðiheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.

Umsóknir um flutning aflahlutdeildar milli fiskiskipa ásamt fullnægjandi fylgigögnum skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en einum mánuði fyrir lok fiskveiðiárs. Berist umsókn innan mánaðar, hefur flutningur aflahlutdeildar ekki áhrif á úthlutun aflamarks komandi fiskveiðiárs.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má samantölð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila eða í eigu tengdra aðila ekki nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild en tilgreint er í 13. gr. laga um stjórn fiskveiða. Fyrir staðfestingu Fiskistofu á flutningi aflahlutdeildar og krókaafhlutdeildar milli skipa skal eigandi þess skips sem flutt er frá greiða samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu.

VIII. KAFLI

Veiðiskylda.

15. gr.

Veiði fiskiskip minna en 50% á fiskveiðiári af úthlutaðu aflamarki sínu og aflamarki sem flutt hefur verið frá fyrra fiskveiðiári, í þorskígildum talið, fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips skv. þorskígildisstuðlum. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á. Hið sama á við þegar skipi er haldið til veiða utan lögsögu á tegundum sem samið hefur verið um veiðistjórn á og ekki teljast til deilistofna.

Teffist skip frá veiðum í a.m.k. fjóra mánuði vegna tjóns, meiri háttar bilana eða endurbóta hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar samkvæmt þessari grein.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Skipstjóra er skylt að halda fiski um borð í veiðiskipum aðgreindum eftir tegundum. Verði slíku ekki við komið vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Ennfremur er skylt að láta vigta afla samkvæmt ákvæðum III. kafla laga um umgengni um nytjastofna sjávar og reglugerðar um vigtun og skráningu sjávaraflla.

Ef haldið er til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands skal, þegar haldið er úr höfn, tilkynna Fiskistofu hvar fyrirhugað sé að stunda veiðar. Þá skal tilkynna hvenær veiðar hefjast og hvenær þeim lýkur, nema annað sé ákveðið í sérstökum reglugerðum um viðkomandi veiðar. Í tilkynningunni komi fram, eftir því sem við á, áætlaður afli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar bæði innan og utan fiskveiðilögsögu Íslands. Þetta gildir þó ekki, haldi skip til veiða utan lögsögunnar á úthafskarfa, síld, loðnu, kolmunna, túnfiski eða makríl, enda sé Fiskistofu tilkynnt um slíkt í samræmi við reglur þar að lútandi.

Heimilt er þó með samþykki Fiskistofu að víkja frá banni, skv. 4. mgr., enda hafi afli og aflasamsetning um borð í fiskiskipi verið staðfest með fullnægjandi hætti að mati Fiskistofu, áður en skip flytur sig milli veiðisvæða innan og utan lögsögunnar.

Þorsk-, ýsu- og ufsaveiðar með hringnót eru bannaðar.

Um borð í fiskiskipum skal vera búnaður til að koma í veg fyrir að fuglar og spendýr festist í veiðarfærum þegar veiðarfæri eru sett í sjó.

17. gr.

Útgerðum skipa sem fengið hafa leyfi Fiskistofu til að vinna afla um borð er skylt að lokinni veiðiferð að skila sérstakri skýrslu um afla til Fiskistofu á eyðublöðum sem Fiskistofa leggur til.

Þá er skipstjórum fiskiskipa skylt að halda sérstakar afladagbækur, sbr. reglugerð um skráningu og rafræn skil aflaupplýsinga.

Kaupendum afla er skylt að skila til Fiskistofu skýrslum um móttækinn afla á því formi, sem Fiskistofa ákveður, sbr. reglugerð um skýrsluskil vegna viðskipta með sjávarafla.

18. gr.

Heimilt er að nýta báta, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, til veiða í frístundum, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti sakamála.

Óheimilt er að selja aflann eða fénýta á annan hátt.

Skipstjórar báta, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni og fara til veiða, skv. 1. mgr., skulu tilkynna Fiskistofu um það áður en veiðiferð hefst.

19. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti sakamála.

Um áminningar og sviptingu veiðileyfa vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Um gjald vegna ólögmæts sjávarafla gilda ákvæði laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

20. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 972/2022, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2022/2023 og reglugerð nr. 973/2022, um sérstaka úthlutun til skel- og rækjubáta á fiskveiðiárinu 2022/2023.

- Matvælaráðuneytinu, 14. ágúst 2023. -

- Svandís Svavarsdóttir. -

- Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir. -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.